

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Grundarvegur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að svæði fyrir þjónustustofnanir merkt S8 (Íþróttahús) breytist í íbúðarsvæði. Svæðið er um 900 m² að stærð og afmarkast af Grundarvegi, Borgarvegi, Brekkustíg og Sjávangötu. Nýtingarhlutfall lóða verður 0,37. Aðkoma að lóðum verður um Grundarveg.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007